

# FUNDARGERÐ

## Fundur Aðalstjórnar Gróttu

<b>Dags. fundar</b> 12.10..2009	<b>Tími</b> Kl 20	<b>Staður</b> Fundarherbergi Gróttu	<b>Nr. fundar</b>
<b>Fundarboðandi</b> Gunnar Gíslason (GG)	<b>Fundarritari</b> Friðrika Harðardóttir		<b>Dags.</b>
<b>Fundarmenn :</b> Gunnar Gíslason (formaður), Guðrún Kaldal (varaformaður), Guðjón Norðfjörð (gjladkeri), Hilmar Sigurðsson (knattspyrnudeild), Rúnar Steinn Ragnarsson (handknattleiksdeild), Anna Björg Erlingsdóttir(handknattleiksdeild), Friðrika Harðardóttir (fimleikadeild), Andri Sigfússon (íþórttafulltrúi), Kristín Finnbogadóttir (framkvæmdastjóri) <b>Forföll:</b> Unnur Halldórsdóttir, Eiríkur Elís Þorláksson			

Fundurinn	Ábyrgð	Lokið dags.
<p><b>Dagskrá:</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Fjárhagsáætlanir</li> <li>Styrktarþjálfari</li> <li>Utanlandsferðir</li> <li>Foreldraráð, hver er staðan?</li> <li>Skráningar í deildina, hver er staðan?</li> <li>Netbókhald</li> <li>Önnur mál</li> </ol> <p><b>1. Fjárhagsáætlanir</b> Aðalstjórn og deildir lögðu fram drög að fjárhagsáætlunum fyrir 2009-2010. Afkoma virðist vera mjög svipuð og fyrri ár hjá aðalstjórn og öllum deildum. Varðandi tekjur munar mestu um Glitnisstyrkinn sem hefur lækkað verulega, en þrátt fyrir það eru deildirnar að ná að reka sig. Formaður lýsti yfir ánægju með gott starf í deildunum. Samþykkt var að fela gjaldkera að ljúka við að ganga frá fjárhagsáætlununum í samráði við KF, skrifa greinargerð með þeim og senda til bæjaryfirvalda.</p> <p><b>2. Styrktarþjálfari</b> Umræða hefur verið innan aðalstjórnar um nokkurt skeið að ráða sameiginlegan styrktarþjálfara sem kæmi að styrktarþjálfun allra deilda, samræmði þær og gerði markvissari. Hér er um tilraunaverkefni að ræða. Leitað var til Gabor Kiss, þjálfara meistaraflokks fimleikadeildar, en hann reyndist of önnur kafinn. Því var auglýst eftir styrktarþjálfara, og bárust allnokkrar umsóknir. Gunnar og Andri munu vinna áfram, taka viðtöl og ganga frá ráðningu.</p> <p><b>3. Utanlandsferðir</b> Umræða um utanlandsferðir yngri flokka hefur átt sér stað innan félagsins. Aðalstjórn hefur rætt hvort að það eigi að vera hluti af stefnumótun félagsins að setja niður ákveðin aldursviðmið fyrir utanlandsferðir líkt og önnur félög gera. Einnig hefur verið rætt um skörun ferða milli handbolta og fótbolta, sem fara yfir á keppnistímabil hinnar íþróttarinnar, slíkt hefur áhrif á þau börn sem æfa báðar íþróttirnar, hefur valdið álagsmeiðslum ofl.</p> <p>Í kjölfars bankahrunsins óskaði knattspyrnudeild eftir því að fyrirhuguð ferð fótboltans sumarið 2009 yrði blásin af vegna óvissu í þjóðfélaginu. Handknattleiksdeild samþykkti að fresta öllum ferðum um ár. Fótboltinn fer því út sumarið 2010. Þetta mun hafa valdið leiða hjá vissum flokki og skilaboðin innan handknattleiksdeildarinnar voru ekki nógu skýr til foreldra á sínum tíma þegar deildin samþykkti þetta.</p> <p>5.flokkur í handbolta vill halda áfram að fara á Partilla, en prófa á í vetur að eldri flokkar ferðist á veturna (jól/páska).</p>	<p>GN KF</p> <p>GG AS</p>	

Fundurinn	Abyrgð	Lokið dags.
<p>4.flokkur í knattspyrnu mun leggja áherslu á ferðalög til Norðurlandanna – á tiltölulega einföld mót. Bentu á að í yngri flokkunum eru foreldrar mjög virkir, en ferðalög með þennan aldur krefjast einmitt góðs utanumhalds.</p> <p>Niðurstaða: Ekki verður sett niður aldursviðmið varðandi utanlandsferðir og lagt er til að deildir vinni alla ákvörðunartöku varðandi utanlandsferðir í samráði við foreldra og aðalstjórn.</p> <p>Handknattleiksdeild og knattspyrnudeild eigi áfram annað hvert ár til að ferðast með yngri flokkana út.</p> <p>Með elstu flokkana, þá sé heimilt að ferðast árlega svo lengi sem það hafi ekki áhrif á hvora greinina og sé gert í samráði milli deilda og við íþróttafulltrúa og aðalstjórn.</p> <p><b>4. Foreldraráð, hver er staðan?</b></p> <p>Foreldrafundum í fimleikadeild lýkur í þessari viku og gengið hefur þokkalega vel að tilnefna foreldra í foreldraráð. Einn stjórnarmaður fimleikadeildar hefur utanumhald um allt foreldrastaf.</p> <p>Í handknattleiksdeild eru foreldraráð að verða klár, en í fótbolta fer seinna af stað en þó innan skamms.</p> <p><b>5. Skráningar í deildina, hver er staðan?</b></p> <p>Skráningar í kerfið okkar hafa gengið vel, nema helst í eldri flokkum í boltaíþróttunum. Fimleikadeild hefur skráð langflestu iðkendur sína, nú eru um 406 iðkendur skráðir meðan í handbolta t.d. eru 317 iðkendur skráðir en vitað er að í deildinni eru um 360-370 iðkendur. Ítreka verður við þjálfara að þeir gangist í að láta alla iðkendur skrá sig. Skráning í eitt kerfi auðveldar allt utanumhald.</p> <p>Innheimta iðkendagjalda hefur gengið þokkalega.</p> <p><b>6. Netbókhald</b></p> <p>Á síðasta aðalstjórnarfundum kom upp umræða um að skipta um bókhaldskerfi, og var Kristínu falið að athuga hver kostnaðurinn væri við núverandi kerfi, og hvaða kostir og gallar fælust í því að skipta um kerfi. Í raun reyndist kostnaður við núverandi kerfi vera um 50þ.kr. á ári, og kerfið virkar vel.</p> <p><b>Niðurstaða:</b> Ekki er ástæða til að skipta um kerfi þar sem nokkur ánægja er með það og kostnaður óverulegur.</p> <p><b>7. Önnur mál</b></p> <p><b>Kvennakvöld Gróttu</b></p> <p>Kvennakvöld handknattleiksdeildar Gróttu var haldið 10.október og þótti lukkast mjög vel. Um 80 konur sóttu það og skemmtu sér hið besta ásamt því að kvöldið reyndist ágætis fjáröflun fyrir deildina. Áætlað er að karlakvöld Gróttu verði haldið 30.október, sem þótti skarast við rjúpnaskytteri.</p> <p><b>Opnar teygjuæfingar um helgar.</b></p> <p>GK hefur fengið allnokkrar fyrirspurnir um þessar æfingar. Hefur ekki verið komið á en etv. með ráðningu styrktarþjálfara muni rætast úr því.</p> <p><b>Prófkjör á Seltjarnarnesi.</b></p> <p>Mikilvægt er að félagið sé vakandi í umræðunni innan bæjarfélagsins. Sú hugmynd kom upp að spurningar er varði íþróttafélagið og stuðning bæjarfélagsins við það, bæði beint og óbeint verði sendar til frambjóðanda. Svör verði síðan birt á heimasíðu Gróttu .</p> <p><b>Stækkun fimleikahúss.</b></p> <p>FH sagði frá starfi undirbúningshóps um stækkun fimleikahúss. Nefndin fór í vel lukkaða vettvangsferð í íþróttahús Ármanns, Gerplu og Stjörnunna þ. 6.október sl.</p> <p>Nokkuð er á reiki um byggingarreit. Bæjaryfirvöld hafa kynnt byggingarreit sem</p>		

Fundurinn	Abyrgð	Lokið dags.
<p>falli innan núverandi deiliskipulags, sem rúmi ekki þá 60m sem fimleikadeildin hefur lagt áherslu á að salurinn muni verða að lengd. Þetta mun ekki samræmast því deiliskipulagi sem kynnt var á sínum tíma. Þetta mál verður að skýrast, og fletta upp þeim gögnum sem lögð voru fram á sínum tíma.</p> <p><b>Auglýsingaskilti</b> Handknattleiksdeild óskaði eftir því að keypt yrðu gormaskilti sem hafa mætti við Suðurströnd og Nesveg til að auglýsa leiki. Samþykkt að félagið keypti tvö slík skilti.</p> <p><b>Lýsing við íþróttahús.</b> Lýsingu við íþróttahúsið er mjög ábótavant. Ekki á bætandi við afar þrönga aðkomu þar sem bílar leggja ólöglega og þurfa síðan að bakka til að komast út úr innkeyrslunni. Félagið mun ítreka við bæjaryfirvöld óskir um að bætt verði úr lýsingu við inngang íþróttahússins og félagsheimili.</p> <p><b>Tóbaksneysla.</b> Minnt er á að öll neysla tóbaks er bönnuð við íþróttahúsið. Ítreka þarf við þjálfara að þeir minni iðkendur á að þetta eigi einnig við neyslu munntóbaks.</p> <p>Fleiri mál voru ekki á dagskrá.</p> <p>Fundi slitið kl 21:07</p> <p>/fh</p>		